

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 7. mars 1975.

Jón Ingimarsson.

F. h. r.

Þórunn Klemenzdóttir.

7. mars 1975.

Nr. 90.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu skipulagi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. mars 1975 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi í Reykjavík að því er varðar eftirfarandi:

1. Deiliskipulag reits milli Hofsvallagötu, Ægisíðu, Kaplaskjólsvegar og Hagamels.
 2. Breytt skipulag á svæði milli Bæjarháls og Vesturlandsvegar, austan Höfðabakka, sem áður var skipulagt sem útvistarsvæði, en er nú skipulagt sem iðnaðarsvæði.
- Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hafa verið samþykktir af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

28. febrúar 1975.

Nr. 91.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.